

SAMORKA
Samtök orku- og veitufyrirtækja

Alþingi
Erindi nr. P 139/460
komudagur 29.11.2010

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og skattanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


29. nóvember 2010

Efni: umsögn um frumvarp til laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum, 188. mál

Markmið frumvarpsins er að koma til móts við tilmæli Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) og tryggja að ríkisstyrkjareglur vegna Landsvirkjunar séu í samræmi við ríkisstyrkjareglur EES-samningsins, þ.e. að ábyrgðin nái eingöngu til lánaskuldbindinga og að fyrir hana sé greitt hæfilegt ríkisábyrgðargjald.

Samorka gerir ekki efnislegar athugasemdir við þessi markmið, en samtökin vilja vekja athygli á tveimur atriðum varðandi frumvarpið:

1. Skv. 1. gr. (um 2. mgr.) skal ábyrgð eigenda ekki ná til annarra skuldbindinga fyrirtækisins en lánaskuldbindinga sem fjármálaráðherra veitir samþykki fyrir. Vakin er athygli á því að skv. gildandi lögum er Landsvirkjun sameignarfyrirtæki og eigendur þeirra bera óskipta, ótakmarkaða og beina ábyrgð á skuldum þess. Hér er verið að leggja til að fyrirtækið verði rekið með takmarkaðri ábyrgð eigenda, án þess að lögð sé til breyting á þessu félagsformi. Samorka gerir eðli málsins samkvæmt ekki tillögu um breytingu á félagsformi Landsvirkjunar, en vekur sem fyrr segir athygli á því að verði frumvarpið samþykkt má leiða líkum að því að fram sé komin réttaróvissa um stöðu félagsins eða öllu heldur lánardrottna þess að þessu leyti, með því að óvíst sé hvort heimilt sé almennt að kveða á um takmarkaða eigendaábyrgð þegar um sameignarfélag er að ræða, sem er afar sérstök staða.
2. Skv. 2. gr. skulu nýjar lántökur, sem njóta skuli ábyrgðar eigenda, vera háðar samþykki fjármálaráðherra. Nú sækir fjármálaráðherra lánsfjárheimildir til Alþingis. Engan veginn getur gengið upp í framkvæmd að einstakir lánasamningar séu til umfjöllunar á Alþingi hverju sinni. Hér vekur Samorka því athygli á nauðsyn þess að fjármálaráðherra fái í fjárlögum hvers árs heimild til að veita ríkisábyrgð vegna lánaskuldbindinga Landsvirkjunar upp að tilteknu marki. Kjósi fyrirtækið hins vegar að fjármagna sig án



SAMORKA
Samtök orku- og veitufyrirtækja

ríkisábyrgðar mun eðlilega ekki reyna á þessi atriði. Í þessu samhengi vakna sem fyrr spurningarnar um eðli sameignarfyrirtækja.

Að öðru leyti vísast hér í umsagnir aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,

Guðstaf Adolf Skúlason
aðstoðarframkvæmdastjóri